

Nefndasvið alþingis
Kristjana Benediktsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/894
komudagur 7.1.2010

Umsögn Bændasamtaka Íslands um Tillaga til þingsályktunar um reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum, á 138. löggjafarþingi, á þingskjali 22, 22. mál.

Bændasamtök Íslands hafa á sínum vettvangi fjallað um það málefni sem þingsályktunartillagan lýtur að, síðast á búnaðarþingi 2009 þar sem eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða:

Skilaréttur á kjöti

Markmið

Búnaðarþing 2009 telur að sá skilaréttur sem viðgengst á innlendum landbúnaðarvörum stríði gegn eðlilegu viðskiptasiðferði og heilbrigðiskröfum um meðferð matvæla.

Leiðir

Fá sérfræðiráðgjöf til að leggja mat á málið.

Framgangur máls

Stjórn BÍ láti skoða hvort sá skilaréttur smásöluverslunar sem viðgengst á innlendum landbúnaðarvörum standist samkeppnislög og heilbrigðiskröfur og kanni forsendur fyrir setningu löggjafar.

Í ályktuninni er stjórn BÍ falið að láta skoða hvort skilaréttur smásöluverslunar, sem á sér stað á innlendum landbúnaðarvörum, standist samkeppnislög og heilbrigðiskröfur og kanna forsendur fyrir setningu löggjafar þar um.

Ályktunin var send heilbrigðisráðuneytinu sem áframsendi erindi BÍ til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Á grundvelli þessarar ályktunar mæla Bændasamtök Íslands mæla samþykkt þingsályktunarinnar. Ennfremur áskiljum við okkur þann rétt að koma frekari ábendingum á framfæri þegar stjórn Bændasamtaka Íslands hefur fjallað um málið.

Virðingarfyllst f.h. Bændasamtaka Íslands

Erna Bjarnadóttir